



365

Á árinu 2015 voru greiddar tæplega 365 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsmanna.



VR 2016

Umbrot/útlit: **Tómas Bolli Hafþórsson**

Prentun: **Oddi ehf.**


Félagið í hnotskurn	4		
Ávarp formanns	6		
Stjórn VR starfsárið 2015 - 2016	6		
Kjarasamningar	7		
Kjarasamningar 2015	7		
Kjarasamningar 2016	9		
Rammasamkomulag um kjarasamninga	10		
Aðrir kjarasamningar	11		
Kjaramál	12		
Dómsmál	12		
Ráðgjöf	13		
Atvinnuráðgjöf	13		
VIRK starfsendurhæfingarsjóður	13		
Orlofsmál	14		
Afsláttarmiðar og kort	14		
Orlofshús VR	14		
Nýting orlofshúsa 2014 - 2015	14		
Breytingar á bókunarreglum orlofshúsa	14		
Stjórn orlofssjóðs VR starfsárið 2015 – 2016	14		
Sjúkrasjóður	15		
Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði VR	15		
Breytingar á reglugerð Sjúkrasjóðs VR	15		
Sjúkradagpeningar	15		
Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2015 – 2016	15		
Fræðslumál	16		
Starfsmenntamál	16		
Stjórnir starfsmenntasjóða starfsárið 2015 – 2016	16		
VR-Skóli lífsins	16		
Fyrirlestrar og námskeið	16		
Jafnréttismál	17		
Jafnlaunavottun VR	17		
Launamunur kynjanna	17		
Kynjabókhald VR	17		
Ályktanir og fundir, nefndir	18		
Ályktun stjórnar VR vegna setu stjórnarmanna í LV í stjórnnum fyrirtækja	18		
Ályktun stjórnar VR vegna kröfu um ógildingu á kosningum á fulltrúum í stjórn LV	18		
Nefndir og stjórnir	18		
Fundir starfsárið 2015 – 2016	18		
Erlend samskipti	18		
Lagabreytingar og reglugerðir	19		
Lagabreytingar	19		
Samþykkt reglugerð fyrir vinnudeilusjóð VR	19		
Önnur starfsemi	20		
Allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa	20		
Starfsemi þjónustudeildar	20		
VR varasjóður	20		
Rannsóknir og kannanir	20		
Útgáfu- og kynningarmál	20		
Tilnefning fulltrúa VR í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2016 – 2019	21		
Félagatal	21		
Félagsmál	21		
Samfélagsleg ábyrgð	21		
Skipulag skrifstofu	22		
Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu 1. mars 2016	22		
Kjörin stjórn og trúnaðarráð árið 2015	23		
Trúnaðarráð	23		
Trúnaðarmenn á vinnustöðum	23		
		Ársreikningur 2015	24
		Skýrsla stjórnar	24
		Áritanir	25
		Rekstrarreikningur 2015	26
		Efnahagsreikningur 31. desember 2015	27
		Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2015	28
		Rekstrarreikningur ársins 2015	29
		Efnahagsreikningur 31. desember 2015	30
		Skýringar	31

FÉLAGIÐ Í HNOTSKURN

Almenn starfsemi og þjónusta 2014-2015

	2015	2014
Fjöldi félagsmanna	31.203	30.373
Kjaramál til meðferðar fyrir félagsmenn	1.547	1.512
Starfsmennta- og tólmundastyrkir, fjöldi félagsm.	6.612	6.033
Styrkir úr VR varasjóði, fjöldi félagsmanna	14.570	14.330
Fjöldi bótaþega úr Sjúkrasjóði	1.098	993
Fjöldi nýskráðra í þjónustu hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR	331	300
Nýting orlofshúsa og tjaldvagna, fjöldi útleiga	3.715	3.534


Þróun Kaupmáttarvísitölu VR




Lykiltölur VR 2015

	2015
Félagsgjöld	987.859.755
Sjúkrasjóðsiðgjöld	1.401.787.670
Orlofssjóðsiðgjöld	341.224.248
Leiga orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta	183.196.806
Aðrar tekjur	148.999.793
Samtals tekjur	3.063.068.272
Bætur og styrkir	972.241.223
Greiðsla úr varasjóði	526.807.849
Rekstrargjöld	1.329.664.373
Samtals gjöld, bætur og styrkir	2.828.713.445
Fjármagnsliðir	606.384.398
Hreinar tekjur til ráðstöfunar	840.739.225


Heildarfjöldi kjaramála á ári 2003 - 2015




Greiðslur úr VR varasjóði 2015




Atvinnuleysi félagsmanna í nóvember 2010 - 2015




Breyting á launavísitölu VR milli ára




Fjöldi félagsmanna 2003 - 2015




Greiðslur úr Sjúkrasjóði VR, fjöldi pr. 1.000 félagsm.




Heimsóknir á heimasíðu VR 2015



Kynjabókhald VR 2015



Fjöldi VR félaga í þjónustu hjá Virk



ÁVARP FORMANNS

Að baki er viðburðarríkt starfsár stjórnar VR en á þessu tólf mánaða tímabili var tvívegis skrifað undir kjarasamninga við atvinnurekendur, undir lok maí árið 2015 og svo seint í janúar á þessu ári. Á starfsárinu gengu félagsmenn VR til atkvæðagreiðslu um verkfall og samþykktu aðgerðir. Það er ekki létt ákvörðun að bera tillögu um vinnustöðvun undir félagsmenn stéttarféлага en við sáum engan annan kost í þeirri þröngu stöðu sem þá var uppi á vinnumarkaði. Á starfsárinu var einnig gengið til kosninga um kjarasamninga tvívegis og voru þeir í báðum tilfellum samþykktir af félagsmönnum. Ítarlega er farið yfir kjarasamningana og aðdraganda þeirra í þessari ársskýrslu.

Í samningunum sem undirritaðir voru í janúar sl. er tekið sögulegt skref í áttina að því að jafna stöðu launafólks á vinnumarkaði hvort sem það kýs að vinna á hinum almenna markaði eða hinum opinbera. Í samningunum er kveðið á um jöfnun lífeyrisréttinda starfsmanna en það hefur verið eitt af stærstu baráttumálum stéttarféлага á almennum vinnumarkaði í áraradír.

Af fjölmörgu öðru er að taka en kjarasamningagerð á því starfsári stjórnar VR sem nú er að líða. Á síðustu árum hefur málum sem koma til kasta kjaramálasviðs VR fjölgað sem kann að vera til marks um aukinn hreyfanleika á vinnumarkaði og aukin umsvif. Við megum eiga von á að sjá meiri þrýsting á að flytja inn starfsmenn frá útlöndum og hefur verkálýðshreyfingin þegar sett af stað átak sem miðar m.a. að því að vernda réttindi erlendra starfsmanna og koma í veg fyrir brotastarfsemi á vinnumarkaði.

Á vormánuðum 2015 lauk þriggja ára tilraunaverkefni aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um þjónustu við atvinnuleitendur sem VR tók þátt í. Félagið hefur ákveðið að halda áfram öflugri þjónustu við atvinnuleitendur innan VR með persónulegri ráðgjöf og stuðningi. Það er og hefur verið mat VR að stéttarfélögin séu best til þess fallin að sinna þjónustu við atvinnuleitandi félagsmenn ekki síður en félagsmenn í starfi. VR sinnti stórum hluta þessarar þjónustu á árum áður og munum við leggja áherslu á að hún skili sér aftur til félagsins.

Sjóðir félagsins standa styrkum fótum og eru vel í stakk búnir að veita félagsmönnum alla þá þjónustu sem þeir þurfa. Greiðsla sjúkradagpeninga hefur aukist umtalsvert en einkum má rekja það til þess að fleiri sækja í Sjúkrasjóð VR vegna geðraskana og stoðkerfisvanda. Það er þörf áminning til okkar allra að huga þarf vel að líðan starfsfólks á vinnumarkaði og leggja áherslu á endurhæfingu. VIRK starfsendurhæfingarsjóður hefur það hlutverk með hendi og hafa frá árinu 2009 vel á annað þúsund einstaklingar leitað til ráðgjafa VIRK hjá VR. Sex af hverjum tíu sem sækja aðstoð til sjóðsins eru færir um að snúa aftur á vinnumarkað sem er til marks um mikilvægi þessarar þjónustu.

Mikil áhersla hefur verið lögð á starfsmenntamál hjá VR síðustu misseri. VR-Skóli lífsins hefur nú þegar útskrifað á annað þúsund ungmenni og fjölmargir framhaldsskólar hafa tekið námskeiðið inn í kennsluáætlanir sínar. Og aldrei hafa fleiri fengið styrk úr starfsmenntasjóðum sem VR á aðild að en á síðasta starfsári stjórnar félagsins. Aukin starfsmenntun skilar betri kjörum og er það von okkar að enn megi efla menntun og fræðslu á vinnumarkaði, félagsmönnum til bóta.

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR



Á myndinni eru í efri röð frá vinstri Birgir Mór Guðmundsson, Sigmundur Halldórsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Benóný Valur Jakobsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Ingibjörg Ósk Birgisdóttir. Í fremri röð eru frá vinstri Rannveig Sigurðardóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ólafía B. Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Harpa Sævarsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir og Ólafur Reimar Gunnarsson. Á myndina vantar Dóra Magnúsdóttir, Pál Örn Lindal, Ragnar Þór Ingólfsson og Óskar Guðmundsson.

STJÓRN VR STARFSÁRIÐ 2015 - 2016

Ólafía B. Rafnsdóttir formaður

Bjarni Þór Sigurðsson varaformaður

Benóný Valur Jakobsson ritari

Birgir Mór Guðmundsson,
Dóra Magnúsdóttir, Guðrún
Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa
Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir,
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana
Þorbjörg Jónsdóttir, Páll Örn Lindal,
Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig
Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon
og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir.

Varamenn:

Ólafur Reimar Gunnarsson,
Sigmundur Halldórsson
og Óskar Guðmundsson.

VR og samtök atvinnurekenda undirrituðu nýja kjarasamninga í janúar 2016 eftir umhleyplingasamt ár sem einkenndist af átökum á vinnumarkaði. Í ársskýrslu fyrir starfsárið 2014 – 2015 var fjallað um undirbúning kjarasamninga í maí 2015 en þeir voru undirritaðir eftir að ársskýrslan fyrir það ár var birt. Hér að neðan er því farið yfir efni kjarasamninga VR árið 2015 og undirbúning og efni samninganna árið 2016.

KJARASAMNINGAR 2015

Um miðjan febrúar 2015 lagði VR fram kröfugerð sína gagnvart Samtökum atvinnulífsins og Félagi atvinnurekenda. Kröfugerðin var birt í ársskýrslu félagsins fyrir starfsárið 2014 – 2015. Eftir framlagningu kröfugerðar héldu viðræður áfram, þó að hægt miðaði. Í ljósi óvissrar stöðu á vinnumarkaði var ákveðið í lok mars að skipa verkfallsnefnd sem í áttu sæti fulltrúar VR og Landssambands ísl. verzlunarmanna, LÍV. Á aðalfundi VR nokkrum dögum áður, 25. mars, var samþykkt reglugerð um Vinnudeilusjóð VR sem hefur það hlutverk að veita félagsmönnum, sem missa tekjur vegna vinnustöðvunar eða verkþanna, fjárhagsaðstoð.

Um miðjan apríl var ljóst að hvorki gekk né rak í samningaviðræðum, launaliður samningsins hafði vart verið ræddur og langt var í land hvað varðaði sérkröfur félagsins. Á fundi þann 16. apríl 2015 samþykkti trúnaðarráð félagsins að vísa kjaradeilunni við Samtök atvinnulífsins til ríkissáttasemjara, sem var og gert þann 17. apríl 2015. Þá höfðu samningar verið lausir í sjö vikur. Tíu dögum síðar var ljóst að lítið hafi þókast þrátt fyrir milligöngu ríkissáttasemjara og var afstaða félagsins þess efnis að viðræður hafi reynst árangurslausar bókuð í fundargerð, með vísan í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 80 frá 1938.

Í ljósi þessa samþykkti trúnaðarráð VR á fundi sínum þann 27. apríl að hefja undirbúning verkfallsaðgerða. Stjórn félagsins hafði fyrr þann sama dag samþykkt að færa 2 milljarða króna úr félagssjóði í Vinnudeilusjóð.

Atkvæðagreiðsla um verkfallsboðun

VR ásamt aðildarfélagum Landssambands ísl. verzlunarmanna og aðildarfélagum Flóabandalagsins tóku höndum saman og ákváðu að efna til sameiginlegra verkfallsaðgerða, næðust ekki samningar við atvinnurekendur. Allsherjaratkvæðagreiðsla um verkfallsboðun stóð dagana 12. til 19. maí 2015 og var boðun verkfalls samþykkt af félagsmönnum VR sem hér segir:

Félagsmenn sem starfa samkvæmt samningi við Samtök atvinnulífsins:

Alls sögðu 3.830 já við boðun verkfalls eða 58% en 2.624 sögðu nei eða 39,7%. Auð atkvæði voru 154 eða 2,3%. Kosningabátttaka var 25,2%, á kjörskrá voru 26.225.

Félagsmenn sem starfa samkvæmt samningi við Félag atvinnurekenda:

Alls sögðu 139 já við boðun verkfalls eða 57,4% en 96 sögðu nei eða 39,7%. Auð atkvæði voru 7 eða 2,9%. Kosningabátttaka var 29,8%, á kjörskrá voru 813.

Verkfallsboðun var jafnframt samþykkt í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðildarféлага LÍV sem og aðildarféлага Flóabandalagsins. Fyrirkomulag aðgerða gerði ráð fyrir tveggja daga verkföllum dagana 28. maí til og með 5. júní í tilteknum atvinnugreinum á félagsvæðri félaganna. Frá og með 6. júní 2015 hæfist ótímabundið allsherjarverkfall.

Þann 25. maí samþykktu samninganefndir VR, LÍV og Flóabandalagsins að fresta fyrirhuguðum aðgerðum um fimm sólarhringa þar sem þær töldu forsendur til áframhaldandi viðræðna. Daginn eftir lágu fyrir meginlínur nýs samnings sem ræddar voru á fundi trúnaðarráðs VR sem veitti formanni félagsins umboð til að halda viðræðum áfram.

Kjarasamningur var svo undirritaður við Samtök atvinnulífsins þann 29. maí og samþykkti trúnaðarráð félagsins hann á fundi sínum. Þann 31. maí var skrifað undir kjarasamning við Félag atvinnurekenda og er hann nánast samhljóða samningi félagsins við SA. Samningarnir voru kynntir á fundum með félagsmönnum dagana 3. til 9. júní. Verkföllum var frestað fram yfir atkvæðagreiðslu um samningana. Atkvæðagreiðsla var haldin 10. til 22. júní og voru samningarnir samþykktir sem hér segir:

- **Samningur VR og Samtaka atvinnulífsins:** Já sögðu 3.786 eða 73,9% en nei sögðu 1.216 eða 23,8% Alls tóku 118 eða 2,3% ekki afstöðu til samningsins. Á kjörskrá voru 27.371 og kosningabátttaka var því 18,71%.
- **Samningur VR og Félags atvinnurekenda:** Já sögðu 155 eða 72,4% en nei sögðu 57 eða 26,6% Alls tóku 2 eða 0,9% ekki afstöðu til samningsins. Á kjörskrá voru 818 og kosningabátttaka var því 26,16%.

TÍMALÍNA KJARASAMNINGA

13. og 20. feb. 2015
Kröfugerðir kynntar atvinnurekendum

17. apríl 2015
Kjaraviðræðum við SA vísað til ríkissáttasemjara

27. apríl 2015
Trúnaðarráð samþykkir að hefja undirbúning verkfallsaðgerða

FEBRÚAR 2015

22. apríl 2015
Ályktun formannafundar LÍV gagnrýnir seinagang í viðræðum

27. apríl 2015
Stjórn samþykkir að færa 2 milljarða úr félagssjóði í Vinnudeilusjóð

KJARASAMNINGAR

Helstu atriði kjarasamnings VR og Samtaka atvinnulífsins frá 29. maí 2015

Gildistími

Samningurinn gildir frá 1. maí 2015 til 31. desember 2018.

Kaupliðir

Launahækkun 1. maí 2015

- Launataxtar hækka um kr. 25.000.
- Byrjunarlaun skv. öllum launatöxtum VR hækka að auki um kr. 3.400.
- Launapróunartrygging, á við um aðra en þá sem taka laun skv. launatöxtum. Grunnhækkun launa við gildistöku samningsins er 7,2% fyrir starfsmann sem er með 300.000 kr. laun eða lægri og hóf störf hjá launagreiðanda fyrir 1. febrúar 2014. Grunnhækkun launa starfsmanns sem er með hærri laun en 300.000 kr. fer stíglækkandi þannig að hún lækkar í jöfnum skrefum frá 300.000 kr. niður í 3,2% hjá starfsmanni með 750.000 kr. í laun. Hafi starfsmaður fengið hækkun eftir 2. febrúar 2014 dregst hún frá grunnhækkuninni.

Launahækkun 1. maí 2016

- Launapróunartrygging er 5,5%, að lágmarki kr. 15 þúsund, fyrir starfsmann sem hóf störf fyrir 1. maí 2015.

Launahækkun 1. maí 2017

- Launataxtar hækka um 4,5%.
Byrjunarlaun skv. launataxta hækka að auki um kr. 1.700.
- Almenn hækkun er 3%.

Launahækkun 1. maí 2018

- Launataxtar hækka um 3%.
- Almenn hækkun er 2%.

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf

- Lágmarkslaun með tekjutryggingu hækka í 245 þúsund krónur við undirskrift samningsins.
- Í maí árið 2018 verða lágmarkstekjur 300 þúsund krónur á mánuði. Miðað er við lágmarkstekjur á mánuði fyrir fullt starf.

Helstu samningsforsendur

- Að kaupmáttur launa aukist á samningstímanum.
- Að launastefna samningsins verði stefnumarkandi fyrir aðra kjarasamningagerð.
- Að fullar efndir verðir á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Forsendunefnd skipuð fulltrúum beggja aðila metur hvort forsendur hafi staðist sem hér segir:

- Í febrúar 2016 og febrúar 2017 – mat á því hvort launastefna og launahækkanir samningsins hafi verið stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði.
- Í febrúar 2016 – mat á því hvort stjórnvaldsákvæðanir og lagabreytingar í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hafi náð fram að ganga.
- Í febrúar 2016, 2017 og 2018 – mat á því hvort markmið samningsaðila um aukinn kaupmátt hafi gengið eftir.

Bókanir

- Samningnum fylgja bókanir, m.a. um breytingar á vinnutíma, starfsmenntamál og sveigjanleg starfslok. Gert er ráð fyrir því að vinnuhópar taki til starfa sem vinni að undirbúningi að breytingum á vinnutímaákvæðum kjarasamninga sem bornar verði undir atkvæði félagsmanna. Markmið með þessum breytingum er að stuðla að fjölskylduvænni vinnumarkaði með því að auka hlut dagvinnulauna í heildarlaunum.
- Í bókun um mat á námi til launa er kveðið á um að samningsaðilar vinni að því að meta nám / raunfærni til launa í tveimur þrepum á grundvelli hæfnigreiningar. Nefnd samningsaðila mun hefja störf í haust og verða námskeið og raunfærnimat, á grundvelli vinnu þeirrar nefndar, sett af stað haustið 2016.
- Þá er einnig í samningnum bókun um sveigjanleg starfslok þar sem segir að þau geti falist í minnkuðu starfshlutfalli sem og heimild til að vinna fram yfir lífeyrisaldur, fyrir þá sem það vilja.

Aðkoma ríkisstjórnarinnar

- Í yfirlýsingu sem ríkisstjórnin sendi frá sér í tengslum við gerð þessa kjarasamnings er kveðið á um fækkun skattþrepa í tvö, lægra þrepið verður 22,5% í ársbyrjun 2017, auk útsvars, og efra þrep miðar við kr. 700 þúsund. Þessi breyting skilar umtalsverðum ávinningi fyrir félagsmenn með millitekjur.

TÍMALÍNA KJARASAMNINGA

19. maí 2015
Félagsmenn samþykkja verkfallsboðun í allsherjaratkvæðagreiðslu

26. maí 2015
Trúnaðarráð samþykkir drög að nýjum kjarasamningi

31. maí 2015
Nýr kjarasamningur undirritaður við FA

MAÍ 2015

25. maí 2015
Frestun verkfalla um 5 sólarhringa samþykkt

29. maí 2015
Nýr kjarasamningur undirritaður við SA

- Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er einnig kveðið á um breytingar á félagslega húsnæðiskerfinu. Á næstu fjórum árum verða byggðar 2.300 íbúðir, eða um 600 á ári. Ríki og sveitarfélög leggja til 30% stofnfjár og segir í yfirlýsingunni að það framlag eigi að leiða til þess að leiga einstaklings með lágar tekjur nemi ekki hærra hlutfalli af tekjum en 20-25%.

KJARASAMNINGAR 2016

Sumarið 2015 samþykkti Alþingi lög á verkfallsaðgerðir aðildarfélag Bandalags háskólamanna og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga þar sem kveðið var á um skipan gerðardóms sem átti að ákveða kaup og kjör félagsmanna þessara stéttarféлага. Gerðardómur úrskurðaði um miðjan ágúst og fól sá úrskurður í sér meiri launahækkun en kveðið var á um í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sem skrifað var undir fyrr á árinu.

Forsendur kjarasamninga VR frá því í maí 2015 gerðu ráð fyrir því að í febrúar árið 2016 myndi forsendunefnd leggja mat á það hvort launastefna og launahækkunir samningsins hafi verið stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði. Í pistli í VR blaðinu um miðjan september 2015 gagnrýndi formaður VR niðurstöðu og vinnubrögð gerðardóms og sagði hættu á að forsendur samninganna frá því í maí brustu.

Fulltrúar stéttarféлага og atvinnurekenda funduðu um viðbrögð við úrskurði gerðardóms og stöðu kjarasamninganna á aðdraganda endurskoðunar. Þann 11. janúar 2016 var svo boðað til fundar trúnaðarráðs VR til að ræða drög að nýjum samningi. Fundurinn veitti formanni VR umboð til að skrifa undir kjarasamning í takt við þau drög. Nokkrum dögum síðar, þann 21. janúar, skrifaði VR svo undir kjarasamning við Samtök atvinnulífsins, SA, og daginn eftir, þann 22. janúar, við Félag atvinnurekenda, FA. Samningarnir eru nánast samhljóða og eru hér að neðan birt helstu atriði í kjarasamningi VR og annarra aðildarféлага ASÍ við SA.

Helstu atriði kjarasamnings VR og Samtaka atvinnulífsins frá 21. janúar 2016

Samningurinn byggir á rammisamkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 27.10 2015 (sjá umfjöllun um rammisamkomulagið neðar) og bókun um lífeyrisréttindi frá 5.5 2011 og er ætlað að tryggja jafnræði í kjarapróun á grundvelli sameiginlegrar launastefnu og jöfnun lífeyrisréttinda.

Markmið samningsins er því tvíþætt:

- Að auka lífeyrisréttindi á almennum vinnumarkaði úr 56% í 76% af meðalævitekjum og jafna ávinnslu lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Til að ná þessu þarf að hækka í áföngum mótframlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð um 3,5%, úr 8% í 11,5%.
- Að laga launa- og kjarabreytingar árána 2016-2018 að rammisamkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 27.10 2015.

Gildistími

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2018.

Gildissvið

Samningurinn tekur til þeirra almennu kjarasamninga sem aðildarfélög ASÍ gerðu við SA/FA frá maí til september 2015. Sérstaklega er áréttað, að sérkjarasamninga aðila skuli uppfæra sérstaklega í samræmi við 2. gr. rammisamkomulagsins frá 27.10 2015 og munu breytingar á launaliðum taka gildi á sömu dagsetningum og á við um almennu samningana.

Launaliðir

2016: Í stað 5,5% launaþróunartryggingar kemur 6,2% almenn launahækkun, að lágmarki kr. 15.000 á mánuði. Launahækkunin kemur til framkvæmda 1. janúar 2016 í stað 1. maí 2016 og kemur hækkun dagvinnutekjutryggingar einnig til framkvæmda þá. Hafi launagreiðandi framkvæmt almenna hækkun launa gagnvart þorra starfsmanna á tímabilinu 2. maí 2015 til 31. desember 2015 er heimilt að draga hana frá hækkuninni. Þó skal enginn starfsmaður fá minna en 6,2% launahækkun á tímabilinu 2. maí til 31. desember 2015, að lágmarki kr. 15.000 á mánuði.

2017: Í stað 3,0% almennrar launahækkunar 1. maí 2017 kemur 4,5% almenn launahækkun.

2018: Í stað 2,0% almennrar launahækkunar 1. maí 2018 kemur 3,0% almenn launahækkun.

Lífeyrisréttindi

Framlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð hækkar og verður eftirfarandi:

2016: Framlag atvinnurekenda hækkar 1. júlí 2016 um 0,5%-stig og verður 8,5%.

2017: Framlag atvinnurekenda hækkar 1. júlí 2017 um 1,5%-stig og verður 10,0%.

2018: Framlag atvinnurekenda hækkar 1. júlí 2018 um 1,5%-stig og verður 11,5%.

3.–9. júní 2015
Kjarasamningar kynntir á félagsfundum

14. ágúst 2015
Gerðardómur kveður upp úrskurð í deilum BHM og FIH

27. október 2015
Rammisamkomulagið undirritað

OKTÓBER 2015

22. júní 2015
Kjarasamningar samþykktir í allsherjaratkvæðagreiðslu

17. september 2015
Formaður VR fjallar um stöðuna á vinnumarkaði í kjölfar úrskurðar gerðardóms

KJARASAMNINGAR

Réttindaávinnsla mun aukast um 36% og einstaklingur sem greiðir í lífeyrissjóð skv. þessu alla starfsævina getur vænst þess að fá 76% af meðaltali ævitekna úr lífeyrissjóði í stað 56% áður. Örorkubætur og barna- og fjölskyldulífeyrir hækka í sama hlutfalli. Tryggt verður að einstaklingur geti valið að verja að hluta eða að fullu hækkun iðgjaldsins í bundna séreign.

Forsendur samningsins

Í 5. gr. samningsins segir:

Hafi þau frumvörp sem félags- og húsnæðismálaráðherra flutti á Alþingi í desember 2015 um húsnæðisbætur og almennar íbúðir ekki verið afgreidd sem lög án verulegra efnisbreytinga fyrir lok febrúar 2016, eru aðilar sammála um að fresta skoðun forsendunefndar í febrúar 2016 hvað þessi frumvörp varðar til febrúar 2017 og telst það þá vera ný forsenda.

Atkvæðagreiðsla um kjarasamninga 2016

Kjarasamningarnir voru kynntir á fundum með félagsmönnum dagana 15., 16. og 18. febrúar 2016.

Kjarasamningurinn við Samtök atvinnulífsins var borinn undir atkvæði félagsmanna allra aðildarféлага Alþýðusambands Íslands dagana 16. til 24. febrúar og var um sameiginlega atkvæðagreiðslu að ræða. Samningurinn var samþykktur sem hér segir:

Já sögðu 9.724 eða 91,28% en nei sögðu 832 eða 7,81% Alls tóku 97 eða 0,91% ekki afstöðu til samningsins. Á kjörskrá voru 75.635 en 10.653 greiddu atkvæði og var kosningabátttaka því 14,08%.

Kjarasamningurinn við Félag atvinnurekenda var borinn undir atkvæði félagsmanna VR dagana 16. til 24. febrúar og var samþykktur sem hér segir:

Já sögðu 294 eða 91,59% en nei sögðu 25 eða 7,79% Alls tóku 2 eða 0,62% ekki afstöðu til samningsins. Á kjörskrá voru 1.677 en 321 greiddi atkvæði og var kosningabátttaka því 19,14%.

RAMMASAMKOMULAG UM KJARASAMNINGA

Þann 27. október undirrituðu aðilar vinnumarkaðarins ramma-samkomulag sem miðar að breyttum vinnubrögðum við gerð kjarasamninga. Þetta samkomulag er afrakstur tveggja ára vinnu við undirbúning að gerð nýs samningalíkans fyrir íslenskan vinnu-markað sem byggir á norrænum leiðum. Samkomulagið er kall- að Salek sem stendur fyrir samstarf um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga. Það var kynnt á fundi trúnaðarráðs í nóvember 2015 og eru helstu atriði þess sem hér segir:

Helstu atriði samningsins eru:

- Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir stofnun Þjóðhagsráðs með aðkomu fulltrúa vinnumarkaðar og stjórnvalda, en hlutverk þess er að greina stöðuna í efnahagsmálum.
- Í öðru lagi gerir samkomulagið ráð fyrir sameiginlegri launastefnu opinbera og almenna vinnumarkaðarins til næstu þriggja ára. Þetta þýðir að starfsmönnum verður tryggt ákveðin launahækkun á tímabilinu frá nóvember 2013 til loka árs 2018. Til grundvallar hækkunum liggur kostnaðarvísitala sem er 100 í nóvember 2013 en á að vera að hámarki 132 í árslok 2018, þ.m.t. samningsbundnar launahækk-anir, launaskrið og hækkun iðgjalda í lífeyrissjóð til jöfnunar við opinbera vinnumarkaðinn. Opinberum starfsmönnum verður tryggt það launaskrið sem verður á almennum vinnumarkaði umfram launaskrið á opinbera markaðnum. Þetta tekur gildi að uppfylltum vissum skilyrðum, þ.á m. að aðilar hafi samið sig að launastefnunni og að fyrir liggi samkomulag um jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði.
- Í þriðja lagi gera aðilar með sér samkomulag um að þróa nýtt samningalíkan fyrir kjarasamninga á Íslandi. Það byggir á stöðu samkeppnis- og útflutningsgreina, þ.e. að fyrirtæki sem framleiða vöru og þjónustu til útflutnings eða í samkeppni við innflutning móti svigrúm til launahækkana. Kjarasamningar miði að því að auka kaupmátt á grundvelli stöðugs raun-gengis sem samrýmist viðskiptajöfnuði til lengri tíma.

TÍMALÍNA KJARASAMNINGA

11. janúar 2016
Trúnaðarráð samþykkir drög að nýjum kjarasamningi

22. janúar 2016
Nýr kjarasamningur undirritaður við FA

24. febrúar 2016
Kjarasamningar samþykktir í atkvæðagreiðslu

JANÚAR 2016

21. janúar 2016
Nýr kjarasamningur undirritaður við SA

15.-18. febrúar 2016
Kjarasamningar kynntir á félagsfundum

AÐRIR KJARASAMNINGAR

Í lok árs 2014 rann kjarasamningur starfsmanna hjá Rio Tinto Alcan í Straumsvík út. Viðræður aðila skiluðu ekki árangri og var deilunni vísað til ríkissáttasemjara í apríl 2015. Í lok þess mánaðar var því lýst yfir að viðræður hefðu reynst árangurslausar, þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara.

Í júní 2015 samþykktu starfsmenn í atkvæðagreiðslu yfirvinnubann og allsherjarverkfall á starfssvæði fyrirtækisins í Straumsvík. Á kjörskrá voru 19 félagsmenn VR og samþykktu þeir hvoru-veggja, yfirvinnubann og allsherjarverkfall, með 58,33% atkvæða. Engir seðlar voru auðir eða ógildir. Kosningapátttaka var 68,4%. Skömmu fyrir allsherjarverkfall var fallið frá aðgerðum vegna ágreinings við Samtök atvinnulífsins um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar.

Í nóvember 2015 var aftur kosið um verkfallsaðgerðir. Á kjörskrá voru 11 félagsmenn VR og neyttu 10 þeirra kosningaréttar síns, eða 90,9%. Atkvæði féllu þannig að 6 eða 60% sögðu nei og 4 eða 40% já. Verkfall var hins vegar samþykkt hjá félagsmönnum annarra stéttarféлага í Straumsvík. Fallið var frá verkfallsaðgerðum skömmu áður en þær áttu að hefjast, þann 2. desember, vegna hótana fyrirtækisins um lokun en ljóst var að samningsvilji var ekki fyrir hendi af hálfu fyrirtækisins.

Um miðjan febrúar samþykktu starfsmenn hafnar- og vinnusvæðis fyrirtækisins vinnustöðvun sem felur í sér ótímabundið útskipunarbann á áli frá og með 24. febrúar.

Kjaradeilan í Straumsvík var enn óleyst þegar ársskýrslan fór í prentun um miðjan mars 2016.

6,2%

Almenn launa-
hækkun var

6,2% í janúar 2016,
að lágmarki

15.000 kr. á mánuði.



KJARAMÁL

Mál sem komu til vinnslu hjá kjaramálaráðgjöfum VR á árinu 2015 voru 1.547 samanborið við 1.512 mál árið 2014. Fjölgun á milli ára er tæplega 3%. Málafjöldi á árunum 2011 – 2014 var svipaður en þróunin hefur þó verið heldur upp á við. Nú virðist vera kominn talsvert meiri hreyfanleiki á vinnumarkaðinn en áður, tækifærum að fjölga og af þeim sökum myndast spenna sem gæti þrýst launum upp. Allar spár benda til þess að aukning verði á innfluttu vinnuafli til að mæta þeirri þörf sem kann að myndast og því hefur verkalyðshreyfingin unnið talsverða undirbúningsvinnu hvað það varðar. Á árinu 2016 var sett af stað áttak sem snýr beint að þessum þætti, Einn réttur, ekkert svindl, sjá nánar á bls. 21.

Um áramótin 2015 – 2016 var félagið með 138 mál í vinnslu, þar voru 80 til meðhöndlunar hjá lögmanni félagsins. Af þessum 138 málum má rekja 134 til áruna 2014 og 2015 en fjögur eru eldri.

Árið 2015 var að flestu leyti hefðbundið. Flest málanna sem komu til kasta sérfræðinga kjaramálasviðs sneru að uppsögnum starfsmanna og ágreiningi í tengslum við það. Auk þess geta bónusgreiðslur verið snúnar við starfslok. Áberandi er að fleiri virðast komnir með ráðningarsamninga sem binda þá með ýmsum hætti, sbr. samkeppnisákvæði, skyldu til að vinna utan hefðbundins vinnutíma, höfundarréttarákvæði, trúnaðarákvæði o.s.frv.

DÓMSMÁL

Á starfsárinu 2015 – 2016 fóru nokkur mál fyrir dómstóla þar sem ekki fékkst laus þeirra með öðrum hætti. Hér að neðan er farið yfir helstu atriði fjögurra mála.

Vorið 2015 var mál tekið fyrir sem m.a. varðaði ágreining um vinnufyrirkomulag og starfslok en enginn ráðningarsamningur lá fyrir. Dómarinn komst að þeirri niðurstöðu að fyrirtækið yrði að bera hallann af því að ekki væri hægt að sanna að vinnufyrirkomulag félagsmannsins hafi verið með öðrum hætti en hann segði. Hins vegar taldi dómurinn staðhæfingar um starfslok misvísandi, uppsögn hafi ekki verið skrifleg, og féllst ekki á kröfu um laun í uppsagnarfresti. Félagsmanninum hafi ekki tekist að sýna fram á að fyrirtækið hafi einhliða sagt upp ráðningarsambandi þeirra.

Í öðru máli sumarið 2015 var deilt um samkeppnisákvæði í ráðningarsamningi þar sem sagði að starfsmanni væri bannað að vinna hjá fyrirtæki í beinni samkeppni við fyrirtækið í níu mánuði eftir




starfslok. Starfsmaðurinn hætti og hóf störf hjá fyrirtæki í sömu atvinnugrein innan þess tíma. Dómarinn féllst á það sjónarmið að ákvæðið væri víðtækt, þegar menn afsali sér rétti verði umfang þess afsals að vera skýrt. En dómurinn benti á að félagsmaðurinn hafi skuldbundið sig til þess að ráða sig ekki til starfa hjá fyrirtæki í harðri samkeppni við fyrrum vinnuveitanda. Þannig skýrt hafi ákvæðið ekki verið víðtækara en nauðsynlegt var. Þröngt túlkað hafi ákvæðið því ekki skert atvinnufrelsi félagsmannsins. Kröfum um laun í uppsagnarfresti var hafnað en fallist var á kröfu um á- unnið orlof.

Snemma árs 2016 var tekið fyrir mál sem varðaði meint trúnaðarbrot. Félagsmanni var vikið tafarlaust úr starfi og gert að sök að hafa tekið ófrjálsri hendi upplýsingar frá fyrirtækinu og sent á einkanetfang sitt. Dómurinn taldi ekki að það fæli í sér brot gegn ráðningarsamningi að hann hafi sent upplýsingarnar á einkanetfang sitt, hann hafi haft aðgang að upplýsingunum í starfi sínu. Að auki hafi átt að áminna starfsmanninn áður en honum var vikið úr starfi. Fallist var á kröfu félagsmannsins um laun í uppsagnarfresti.

Síðasta málið varðaði m.a. deilur um starfslok. Félagismaður VR sagði starfi sínu lausu og taldi samkomulag liggja fyrir um að fá að hætta skömmu síðar. VR sendi fyrir hönd félagsmannsins kröfu um uppgjör orlofs og uppbóta. Fyrirtækið gerði gagnkröfu vegna ofgreidds bónuss og brotthlaups úr starfi. Dómurinn taldi engin gögn liggja fyrir um ofgreiddan bónus að því marki sem fyrirtækið taldi. Þá er ljóst af niðurstöðu dómsins að atvinnurekanda hafi mátt vera ljóst að um starfslok hafi verið að ræða, m.a. vegna tölvuskeytis frá félagsmanninum til samstarfsmanna. Fallist var á kröfu félagsmannsins um orlof og vangreidd laun að teknu tilliti til þeirrar upphæðar sem hann samþykkti að hafi komið til greiðslu vegna orlofstöku og ofgreidds bónuss.

Fjöldi mála á kjaramálasviði VR 2011 – 2015



ATVINNURÁÐGJÖF


Þann 30. apríl 2015 lauk þriggja ára tímabundnu tilraunaverkefni um STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. STARF var á sínum tíma stofnað til að halda utan um verkefni sem Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins sömdu um við ríkisvaldið í kjarasamningum 2011 og sneru að vinnumiðlun og virkum vinnu- markaðsagerðum til að efla atvinnuleitendur. Vinnuálastofnun tók aftur yfir þjónustuna frá 1. maí 2015, s.s. skráningu og móttöku gagna, aðstoð við mánaðarlegar staðfestingar og útreikning atvinnuleysisbóta, umsjón með kynningar- og starfsleitafundum og almenna upplýsingagjöf vegna atvinnuleysisbóta.

Þjónusta við atvinnuleitendur

VR hefur ávallt lagt áherslu á að veita félagsmönnum sínum aðstoð og þjónustu hvort sem þeir eru í veikindum, í vinnu eða atvinnu- lausir. Félagið ákvað því að halda áfram aðstoð við félagsmenn sína sem eru í atvinnuleit, en þó með breyttum áherslum. Í dag eru tveir atvinnuráðgjafar starfandi hjá félaginu og er lögð áhersla á að veita hvatningu, stuðning og ráðgjöf við atvinnuleitina svo sem við gerð ferilskráar og undirbúning fyrir viðtöl. Auk þess leiðbeina ráðgjafarnir atvinnuleitendum um hvaðeina er varðar atvinnu- leysisbótakerfið. Einnig er nú lögð aukin áhersla á samstarf við VIRK starfsendurhæfingarráðgjafa félagsins og kjaramálaráðgjafa.

Þjónustan hefur mælst vel fyrir og kom fjöldi félagsmanna í ráðgjöf og viðtal hjá atvinnuráðgjöfum á árinu. Þá var á haustmánuði- um 2015 boðið upp á uppbyggjandi fyrirlestra þar sem áherslan var lögð á að skapa vettvang fyrir spjall og umræður á óform- legum nótum.

Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR 2015



VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

VIRK starfsendurhæfingarsjóður byggir á samkomulagi í kjara- samningum frá árinu 2008 um nýtt fyrirkomulag starfsendurhæf- ingar. Um VIRK gilda lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012. Í dag starfa átta ráðgjafar á vegum VIRK hjá VR og annast þjónustu við félags-



menn sem veikjast eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Um er að ræða fjarvistir frá vinnu í lengri tíma eða mjög tíðar skamm- tímafjarvistir vegna heilsubreysts af andlegum eða líkamlegum toga. Markmiðið er að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnumarkaði sem vinnugeta hans leyfir.

Hvatning og stuðningur

Ráðgjafar VIRK styðja og hvetja einstaklinga til aukinnar þátttöku á vinnu- markaði í samráði við teymi sérfræðinga og bjóða fjölda úr- ræða á borð við sjúkráþjálfun, sálfræðiviðtöl, sjálfsstyrkjandi nám- skeið, heilsurækt með faglegum stuðningi og starfsendurhæfingars- töðvar. Þeir starfa í samstarfi við lækna, aðra fagaðila og stofnanir eftir þörfum.

Á árinu 2015 var 331 einstaklingur nýskráður hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR og 181 útskrifaðist. Frá árinu 2009 til loka árs 2014 sóttu 1.444 einstaklingar til ráðgjafa VIRK hjá VR og nær 800 hundruð hafa útskrifast. Á grafinu má sjá að um sex af hverjum tíu hafa öðlast starfsgetu og eru færir um að snúa aftur á vinnu- markað eftir að hafa sótt aðstoð og þjónustu VIRK hjá VR.

Framfærslustaða félagsm. í lok þjónustu VIRK 2015



ORLOFSMÁL

46%


aukning frá árinu 2014 í sölu afsláttarmiða.



AFSLÁTTARMIÐAR OG KORT

VR býður félagsmönnum afslátt í flug með Icelandair og WOW air. Á árinu 2015 voru seldir 5.348 afsláttarmiðar sem er 46% aukning frá árinu áður. Þá voru seldir afsláttarmiðar í pakkaferðir með Úrval Útsýn, Sumarferðum og Norrænu á árinu 2015, alls 102 miðar.

Rúmlega 1.000 veiði-, útilegu- og golfkort voru seld og rúmlega 2.200 afsláttarmiðar í Hvalfjarðargöngin.



Á myndinni eru frá vinstri Helga Ingólfssdóttir, Sigurður Sigfússon, Harpa Sævarsdóttir og Bjarni Þór Sigurðsson. Á myndina vantar Ragnar Þór Ingólfsson og Benedikt Vilhjálmsson.

ORLOFSHÚS VR

Á árinu 2015 voru 45 orlofshús og -íbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 21 orlofshús og 1 hótélherbergi. Útleigur ársins 2015 voru 3.715 samanborið við 3.534 árið 2014. Nýting orlofshúsa yfir vetrarmánuðina hefur verið góð í húsum með heitum pottum auk íbúðanna á Akureyri.

Innan sviga er tilgreindur fjöldi húsa / íbúða á hverjum stað. Auk húsa í eigu félagsins tók VR á leigu fjölmörg orlofshús sumarið 2015 og endurleigði til félagsmanna.

Nýting orlofshúsa 2014-2015

	Fjöldi gistingu		Nýting sumar		Nýting vetur*	
	2015	2014	2015	2014	2015	2014
Akureyri (7)	1.808	1.963	95%	96%	63%	67%
Einarsstaðir (8)	801	767	87%	88%	21%	28%
Flúðir (3)	695	699	93%	93%	55%	55%
Húsafell (3)	640	653	90%	94%	48%	49%
Miðhúsaskógur (25)	4.844	4.062	89%	89%	37%	38%
Sóltún Reykjavík (2)	854	626	93%	92%	78%	84%
Vestmannaeyjar	192	204	82%	96%	43%	43%
Ölfusborgir	283	185	100%	100%	71%	34%
Önnur hús (21)	2.391	1.628				
Samtals gistinguætur	12.508	10.787				

* Að vetri til er nýting á flestum húsum VR 100% um helgar en minni virka daga.

BREYTINGAR Á BÓKUNARREGLUM ORLOFSHÚSA

Haustið 2015 voru kynntar breytingar á bókunarreglum orlofshúsa sem tóku gildi frá og með 7. janúar 2016. Þann dag var opnað fyrir bókanir orlofshúsa sumarið 2016 skv. fyrirkomulaginu „fyrstur bókar, fyrstur fær“ fyrir þá sem ekki höfðu leigt hús að sumarlagi 2013, 2014 eða 2015. Daginn eftir var opnað fyrir bókanir félagsmanna sem höfðu leigt orlofshús a.m.k. einu sinni á viðmiðunartímanum. Um viku síðar, 14. janúar, var opnað fyrir bókanir orlofshúsa tímabilið frá september 2016 til byrjun júní 2017.

STJÓRN ORLOFSSJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2015 – 2016

Sigurður Sigfússon formaður, Bjarni Þór Sigurðsson, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir og Ragnar Þór Ingólfsson

Varamaður:

Benedikt Vilhjálmsson

STYRKVEITINGAR ÚR SJÚKRASJÓÐI VR

Varðandi tekjur árið 2015 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sundurliðast þannig:

Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði VR

	2015		2014	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Sjúkra- og dagpeningar	895	894.568.820	813	765.747.737
Dánarbætur	100	39.896.330	83	38.326.167
Örorkubætur	24	23.047.413	23	21.230.683
Aðrir styrkir til sjóðfélaga	91	14.728.660	91	14.204.765
Bætur og styrkir til félagsmanna samtals*	1.098	972.241.227	993	839.509.352
Að auki styrkir til stofnana og félagasamtaka, fræðslu- og fagfélaga		13.278.611		8.873.986

* Fjöldi einstaklinga, ekki samtala bótaflokka

BREYTINGAR Á REGLUGERÐ SJÚKRASJÓÐS VR

Á aðalfundi VR 25. mars 2015 voru samþykktar breytingar á reglugerð Sjúkrasjóðs VR en tilefni margra þeirra var að samræma þær viðmiðunarreglum Alþýðusambands Íslands um sjúkrasjóði aðildarfélaganna. Þá var jafnframt gerð breyting á ákvæði um útreikninga sjúkra- og slysdagpeninga þar sem kveðið er á um að allajafna skuli miða við greiðslur iðgjalda síðustu sex mánuði, en að hámarki 12 mánuði hafi orðið verulegar breytingar á launum síðasta hálfra árið. Þá hefur nú verið bætt við grein í reglugerðina um viðbrögð við því ef einhverjir reyna að afla sér bóta með sviksamlegum hætti.

Reglugerðina í heild má sjá á heimasíðu félagsins, www.vr.is.




Á myndinni eru frá vinstri Ólafur Reimar Gunnarsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Benóný Valur Jakobsson, Rannveig Sigurðardóttir, Birgir Már Guðmundsson og Ingibjörg Ósk Birgisdóttir. Á myndina vantar Pál Örn Líndal og Dóru Magnúsdóttur.


SJÚKRADAGPENINGAR

Greiðsla sjúkradagpeninga hefur aukist um 41% frá árinu 2006, að teknu tilliti til þróunar launa. Aukninguna má helst rekja til aukningar geðraskana, sem nam 140% á tímabilinu, og stoðkerfisvanda en þar var aukningin 49%.

Skipting sjúkradagpeninga 2015



Þróun greiðslu sjúkradagpeninga VR 2006 – 2015



FRAMKVÆMDASTJÓRN SJÚKRASJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2015 – 2016

Rannveig Sigurðardóttir formaður, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir og Páll Örn Líndal

Varamenn:

Dóra Magnúsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson og Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

STARFSMENNTAMÁL

Á árinu 2015 voru greiddar tæplega 365 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsmanna úr starfsmenntasjóðum samanborið við tæplega 317 milljónir króna árið 2014. Aukning á milli ára er 15%. Umsóknir árið 2015 voru alls 8.279 frá 6.612 félagsmönnum samanborið við 7.502 umsóknir frá 6.033 félagsmönnum árið 2014.

Greiðslur úr sjóðunum hafa nær tvöfaldast frá árinu 2013. Þessa aukningu má að stærstum hluta rekja til breytinga á reglum Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks (SVS) sem tóku að fullu gildi um áramótin 2015 / 2016 eftir tveggja ára aðlögunartíma.

Nýjar reglur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Á árinu 2015 samþykkti stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar (SV) breytingar á reglum sjóðsins til samræmis við þær breytingar sem gerðar hafa verið á reglum Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks. Reglurnar taka að fullu gildi um áramótin 2016 / 2017, að loknum eins árs aðlögunartíma. Á aðlögunartímabilinu geta félagsmenn valið hvort þeir sækji um styrk samkvæmt nýju reglunum eða þeim gömlu.

Nýjar reglur kveða á um að félagsmenn eigi rétt á 90 þúsund króna styrk á ári og geti safnað allt að 270 þúsund krónum í styrk fyrir eitt samfellt nám, hafi réttindin ekki verið nýtt samfleytt í þrjú ár.

Lykiltölur úr ársreikningum Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Áætlaðar tekjur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks árið 2015 voru um 518 milljónir króna og gjöld um 454 milljónir króna. Áætlað er að eigið fé sjóðsins hafi verið tæplega 583 milljónir króna í lok árs 2015.

Áætlaðar tekjur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar árið 2015 voru rúmlega 25 milljónir króna og gjöld um tæpar 13 milljónir króna. Áætlað er að eigið fé sjóðsins hafi verið rúmlega 130 milljónir króna í lok árs 2015.

Fræðslustjóri að láni

Aðsókn að verkefninu Fræðslustjóri að láni jókst mikið á árinu 2015 og tóku um 20 fyrirtæki þátt. Fræðslustjóri að láni er samstarfsverkefni fræðslusjóða innan Samtaka atvinnulífsins sem byggir á því að lána mannauðsráðgjafa, sérhæfðan í vinnustaðfræðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins og vinnur greiningu á þörfum þess í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk. Jafnframt vinnur hann að mótun fræðsluáætlunar til eins eða tveggja ára í senn.

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks samþykkti á árinu 2015 átak til smærri fyrirtækja sem felst í því að fyrirtæki með heildarþjölda starfsmanna 25 eða færri gefst kostur á þátttöku í Fræðslustjóri að láni, óháð rétti þess í sjóðinn. Átakið hófst í byrjun nóvember 2015 og stendur til loka maímánaðar 2017.

STJÓRNIR STARFSMENNTASJÓÐA STARFSÁRIÐ 2015 - 2016

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Lísbet Einarsdóttir (SA) formaður

Arndís Arnardóttir (SA)

Eiður Stefánsson (LÍV)

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (VR)

Ólafur Finnbogason (SA)

Teitur Lárusson (VR)

Varamenn:

Gils Einarsson (LÍV)

Guðbjörg S. Jónsdóttir (SA)

Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir (VR)

Hannes Sigurðsson (SA)

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Anna Svava Sverrisdóttir (FA)

Bjarndís Lárusdóttir (FA)

Eiður Stefánsson (VR/LÍV)

Teitur Lárusson (VR)

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (VR) tók sæti Teits í mars 201

Selma Kristjánsdóttir (VR) sæti Eiðs í nóvember 2015.



VR-SKÓLI LÍFSINS

Í byrjun mars höfðu alls 1.416 nemendur útskrifast úr VR-Skóla lífsins frá því honum var hleypt af stokkunum í september 2014. Markmið VR-Skóla lífsins er að undirbúa ungt fólk á aldrinum 16 – 24 ára fyrir vinnumarkaðinn og kynna því réttindi og skyldur í starfi. Menntastofnanir hafa tekið vel í VR-Skóla lífsins og í lok febrúar 2016 höfðu 11 framhaldsskólar ýmist kennt námskeiðið í lífsleikni eða sambærilegum áföngum eða fyrirhuga kennslu. Fjórtán fyrirtæki með 31 starfstöð hafa að auki boðið ungu starfsfólki sínu í VR-Skóla lífsins frá stofnun hans.

FYRIRLESTRAR OG NÁMSKEIÐ

VR bauð upp á 17 fyrirlestra og námskeið fyrir félagsmenn á starfsárinu og sátu þá tæplega eitt þúsund félagsmenn. Þá voru haldin 7 námskeið sérstaklega fyrir trúnaðarmenn félagsins.

Nemendur fá fræðslu um vinnumarkaðarinn

Undanfarin ár hefur VR staðið fyrir kynningum á réttindum og skyldum fyrir nemendur grunn- og framhaldsskóla á félagsvæðri VR. Alls voru haldnar 64 kynningar fyrir tæplega 2.200 nemendur á starfsári stjórnar 2015 - 2016.

JAFNLAUNAVOTTUN VR

Jafnlaunavottun VR var hrint úr vör í febrúar árið 2013 og fengu fyrstu fyrirtækin afhenta vottun í apríl það ár. Í lok febrúar 2016 voru 26 fyrirtæki og stofnanir með vottun en í þessum fyrirtækjum starfa rúmlega fimm þúsund starfsmenn.

Hér fyrir neðan eru fyrirtækin í stafrófsröð:

1912	Landmælingar Íslands
Arion banki	Lífeyrissjóður verzlunarmanna,
Byggðastofnun	Lyfja
Deloitte	N1
Endurvinnslan	Neyðarlínan 112
Ernst & Young	Parlogis
Hýsing vöruhótel	Securitas
IKEA	Sjóvá
ISS	SORPA
Íslenska gámafélagið	TM
Johan Rönnung	VR
KPMG	Vörður tryggingar
Kynnisferðir	Ölgerðin

Markmið Jafnlaunavottunar VR er að eyða kynbundnum launamun með því að tryggja að sömu laun séu greidd fyrir sömu og/eða jafnverðmæt störf. Með Jafnlaunavottun VR eru viðmiðin sem atvinnurekendur þurfa að uppfylla til að fá vottun skýrð og samræmd samkvæmt viðurkenndri aðferðafræði. Jafnlaunavottun VR var unnin í samstarfi við BSI á Íslandi, skrifstofu British Standards Institution, sem hefur áralanga reynslu af vottun.

KYNJABÓKHALD VR 2015


Hér að neðan má sjá helstu lykiltölur í kynjabókhalda VR starfsárstjórnar 2015 - 2016, samtals aðal- og varamenn þar sem það á við.

LAUNAMUNUR KYNJANNA


Baráttan fyrir sömu launum karla og kvenna fyrir sama starf hefur verið ein af megináherslum hagsmunabaráttu VR undanfarin ár og áratugi. Samkvæmt niðurstöðum árlegra launakannanna félagsins og þróun iðgjalda hefur launamunur kynjanna innan VR dregist nokkuð saman síðustu ár. Niðurstöður launakönnunar VR fyrir árið 2015 eru hins vegar vísbending um að launamunur kynjanna innan félagsins kunnir að vera að aukast á nýjan leik. Kynbundinn munur var 8,5% árið 2014 en 9,9% árið 2015. Munurinn er innan skekkjumarka en er engu að síður mesti aukning á launamun kynjanna sem mælst hefur milli ára.

Línuritíð sýnir mun á launum kynjanna samkvæmt niðurstöðum launakannanna (munur á heildarlaunum annars vegar og kynbundinn launamunur hins vegar) en einnig mun á launum m.v. greidd félagsgjöld. Í launakönnunum félagsins er miðað við laun fyrir fullt starf.

Þróuna launamunar kynjanna innan VR



Kynjabókhalda VR 2015



ÁLYKTANIR OG FUNDIR, NEFNDIR

ÁLYKTUN STJÓRNAR VR VEGNA SETU STJÓRNARMANNA Í LV Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA

Stjórn VR samþykkti á fundi sínum þann 13. janúar 2016 ályktun þar sem skýrt var frá því að fulltrúar sem stjórnin tilnefnir í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna eigi ekki sæti í stjórnum fyrirtækja eða félaga sem sjóðurinn fjárfestir í og áréttað mikilvægi þess. Jafnframt gerði stjórnin þá kröfu til atvinnurekenda sem tilnefna fulltrúa í stjórn sjóðsins að þeir hagi tilnefningum sínum með sama hætti.

ÁLYKTUN STJÓRNAR VR VEGNA KRÖFU UM ÖGILDINGU Á KOSNINGU Á FULLTRÚUM Í STJÓRN LV

Á fundi stjórnar þann 31. janúar 2016 var samþykkt ályktun þar sem stjórnin hafnar kröfum um ögildingu á kosningu trúnaðarráðs félagsins á fulltrúum þess í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna fyrir 1. janúar. Sjá nánar um tilnefningu stjórnar VR í stjórn LV á bls. 21.

NEFNDIR OG STJÓRNIR

Í **uppstillinganefnd** 2016 - 2018 sitja Ólafía B. Rafnsdóttir sem er formaður, Magnús Þorsteinsson, Ragnar Orri Benediktsson, Sigrún Guðmundsdóttir og Helga Bryndís Jónsdóttir. Varamenn eru Stefán Viðar Egilsson, Unnur María Pálmadóttir, Gísli Kristján Gunnsteinsson og Eydís Hauksdóttir. Nefndin fundaði 2 sinnum á starfsárinu. Hlutverk hennar er að velja frambjóðendur á framboðslista til trúnaðarráðs úr hópi þeirra sem gefa kost á sér í samræmi við auglýsingar nefndarinnar en auglýst var 14. og 15. janúar 2016. Framboðslistinn var samþykktur á fundi trúnaðarráðs 26. janúar 2016. Á listanum var 41 fulltrúi, 56% konur og 44% karlar.

Í **launanefnd** VR sitja Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson og Harpa Sævarsdóttir. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um kjör formanns og framkvæmdastjóra.

Í **laganefnd** sitja Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, sem er formaður, Rannveig Sigurðardóttir og Sigurður Sigfússon. Varamenn eru Harpa Sævarsdóttir og Ólafur Reimar Gunnarsson. Hlutverk laganefndar er að yfirfara og koma með tillögur til breytinga á lögum VR. Auk þess skal nefndin stilla upp tillögum sem verða mega til þess að bæta og skýra betur starfsemi félagsins.

Í **starfsmenntanefnd** sitja Ingibjörg Ósk Birgisdóttir sem er formaður, Eyrún Ingadóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson og Svanhildur Þórsteinsdóttir. Varamenn eru Birgir Már Guðmundsson og Páll Örn Líndal. Hlutverk starfsmenntanefndar VR er að móta skýra stefnu og verkferla VR í starfsmenntamálum með það að markmiði að efla framgang starfsmenntunar félagsmanna.

Í **jafnréttisnefnd** sitja Helga Ingólfssdóttir, sem er formaður, Bjarni Þór Sigurðsson og Svanhildur Þórsteinsdóttir. Varamaður er Sigmundur Halldórsson. Hlutverk nefndarinnar er að móta og/eða

endurskoða stefnu félagsins á sviði jafnréttis og mannréttinda til að styrkja stöðu félagsmanna sinna, án allrar aðgreiningar.

Í **kjörstjórn** sitja Magnús Norðdahl sem er formaður, Hjördís Jónsdóttir og Þorsteinn Þórólfsson. Varamenn eru Þóra Skúladóttir, Halldór Oddsson og Jón Hrafn Guðjónsson. Hlutverk kjörstjórnar er að sjá um framkvæmd kosninga í félaginu skv. reglugerð ASÍ.

Í stjórn **Vinnudeilusjóðs** sitja Páll Örn Líndal sem er formaður, Dóra Magnúsdóttir og Harpa Sævarsdóttir. Varamaður er Ragnar Þór Ingólfsson. Hlutverk sjóðsins er að veita félagsmönnum VR sem missa atvinnutekjur vegna vinnustöðvunar eða verkþanna, fjárhagsaðstoð.

FUNDIR STARFSÁRIÐ 2015 – 2016

Stjórn VR fundaði alls 20 sinnum á starfsárinu.

Trúnaðarráð VR fundaði 9 sinnum á starfsárinu, staða kjaramála kom til umræðu á nær öllum fundum ráðsins.

Félagsfundir til að kynna kjarasamninga 2015 voru haldnir í júní það ár á félagssvæði VR. Í febrúar 2016 voru haldnir félagsfundir vegna kjarasamninga sem undirritaðir voru í janúar það ár. Þá var haldinn félagsfundur 8. mars 2016 þar sem frambjóðendur til stjórnar VR 2016 – 2018 kynntu áherslur sínar.

Úrskurðarnefnd VR hélt 16 fundi á árinu 2015 og kvað upp 24 úrskurði í málum félagsmanna. Á árinu var samþykkt ný reglugerð um hlutverk úrskurðarnefndar en samkvæmt henni er það meginhlutverk nefndarinnar „að úrskurða í kærumálum sem henni berast frá félagsmönnum VR vegna ákvarðana starfsmanna VR“. Þessar nýju reglur voru samþykktar af stjórn VR þann 13. maí 2015.

Ársfundur deildar VR á Austurlandi fyrir árið 2015 var haldinn 12. maí. Stjórn deildarinnar var kosin á fundinum. Formaður var kosin Kristín María Björnsdóttir en aðrir stjórnarmenn eru Eygló Friðriksdóttir og Gunnar Heiðberg Gestsson. Varamenn eru Anna Karlsdóttir, Ellen Rós Baldvinsdóttir og Ingunn Kjartansdóttir.

Ársfundur deildar VR í Vestmannaeyjum fyrir árið 2015 var haldinn 12. október. Stjórn deildarinnar var kosin á fundinum. Formaður var kosinn Bjarni Daníelsson en aðrir stjórnarmenn eru Ásta Sigrún Gunnarsdóttir og Kristinn Guðmundsson. Varamenn eru Sigurjón Lárusson og Sigríður Stefánsdóttir.

ERLEND SAMSKIPTI

Höfuðborgarráðstefnan 2015 var haldin í Kaupmannahöfn í júní og sóttu hana 4 fulltrúar VR. Á ráðstefnunni var m.a. fjallað um mikilvægi samvinnu á vinnumarkaði og stöðu yngri félagsmanna. Höfuðborgarráðstefnan er árlegur samstarfsvettvangur stéttarféлага í verslun og þjónustu í höfuðborgum Norðurlandanna. Ráðstefnan 2016 verður haldin í Reykjavík.

LAGABREYTINGAR

